

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²					
Endurskoða stefnu og sérstöðu skólans með þátttöku allra hagsmunaaðila.	Stefna og sérstaða skólans verður uppfærð nú á vordögum, lögð fyrir skólaráð og mun birtast í uppfærðri skólanámskrá skólaárið 2021-2022	apríl 2021	september 2021	Skólastjórnendur	Lagt fyrir skólanefnd og skólaráð í september 2021
Móta og birta á heimasíðu skólans skólanámskrá þar sem fram kemur nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla ásamt grunnþáttum menntunar, stefnu skólans og heildstæðri áætlun um nám og kennslu.	Skólanámskrá verður uppfærð í ágúst 2021 eins og gert er á hverju ári og þar verður leitast við að endurbæta útfærslu skólans á aðalnámskrá grunnskóla, gera grunnþáttum menntunar, stefnu skólans og heildstæðri áætlun um nám og kennslu betri skil.	apríl 2021	september 2021	Skólastjórnendur	Lagt fyrir skólanefnd og skólaráð í september 2021
Gera þarf heimasíðu skólans aðgengilega með öllum nauðsynlegum og lögbundnum upplýsingum.	Ný heimasíða er í vinnslu og verður vonandi tilbúin fyrir ágúst 2021. Samhliða því verða upplýsingar og gögn yfirfarin og leiðrétt.	2019	Áætlað 2021	Stjórn bæjarfélagsins	Upplýsingar á heimasíðu yfirfarnar og uppfærðar fyrir hvert skólaár og eftir því sem við á
Efla á markvissan hátt samvinnu og samskipti á milli starfsstöðva.	Kennarar munu funda reglulega milli starfsstöðva eftir námsgreinum og bera saman bækur sínar. Slíkir fundir fóru fram í mars og verður gerð áætlun um slíka fundi fyrir næsta skólaár. Að loknum takmörkunum vegna Covid-19	mars 2021	ágúst 2021	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt verður mat á hvernig til hefur tekist, í samvinnu við starfsfólk, í lok

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línunum eftir þörfum.

	munu sameiginlegir fundir og starfsdagar teknir upp að nýju.				skólaárs 2021-2022.
Huga að valdreifingu við ákvarðanatöku og móta stefnu um virka samvinnu kennara um nám, kennslu, námsmat, þróun og umbætur í skólastarfinu.	Áhersla verður lögð á að efla þá valddreifing sem er til staðar. Sett verður fram stefna varðandi vinnulag er snýr að þróunarstarfi og stefnumótun skólans í ágúst 2021. haldið er áfram með skipulag næsta skólaárs.	febrúar 2021	ágúst 2021	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt verður mat á hvernig til hefur tekist, í samvinnu við starfsfólk, í lok skólaárs 2021-2022. Niðurstöður kynntar starfsfólki.
Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.	Stjórnendur munu setja upp skipulag fyrir skólaárið 2021-2022 þar sem þeir heimsækja kennslustundir með það að markmiði að veita kennurum endurgjöf. Einnig verður sett upp áætlun þar sem kennarar heimsækja hver annan í kennslustundir í sama tilgangi. Það teljum við að muni ekki skila síðri endurgjöf þar sem allir læra, jafnt þeir sem veita endurgjöf og hinir sem fá endurgjöf.	september 2021	júní 2022	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt verður mat á hvernig til hefur tekist, í samvinnu við starfsfólk, í lok skólaárs 2021-2022. Niðurstöður kynntar starfsfólk.
Leita leiða til að gera foreldra að virkum þátttakendum í mikilvægum ákvarðanatökum um nám, kennslu, námsmat, þróun og skipulag skólastarfsins.	Lögð verður áhersla á að auka upplýsingagjöf til foreldra bæði með fundum, upplýsingum á heimasíðu, tölvupóstum og skólaráð virkjað betur í ákvarðanatöku.	september 2021	júní 2022	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt verður mat á hvernig til hefur tekist, í samvinnu við starfsfólk, í lok skólaárs 2021-2022. Niðurstöður kynntar starfsfólk.

Huga að virkri þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans í samræmi við reglugerð þar um.	Skólaráðsfundir verða áfram boðaðir annan hvern mánuð eins og verið hefur en breytingin sem gerð verður er að frá og með þessu skólaári verða nemendur boðaðir á alla fundi skólaráðs.	febrúar 2021	júní 2022	Skólastjóri	Júní 2022. Lagt verður mat á hvernig til hefur tekist, í samvinnu við skólaráð, í lok skólaárs 2021-2022.
Gera fundargerðir skólaráðs og þróunarteyma opinberar og aðgengilegar.	Fundargerðir skólaráðs og upplýsingar um þróunarstarf skólans verður sett inn á heimasíðu skólans	mars 2021	sept 2022	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt verður mat á hvernig til hefur tekist í lok skólaárs 2021-2022.
Skipa þarf í skólaráð samkvæmt reglugerð.	Frá og með næsta skólaári verður skipað í skólaráð skv. reglugerð þ.e. að tveir fulltrúar foreldra verða valdir og nemendur verða fastir aðilar að skólaráði og munu sitja alla fundi.	sept 2021	sept 2021	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt verður mat á hvernig til hefur tekist í lok skólaárs 2021-2022.
Endurskoða skólareglur í samvinnu við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	Farið yfir gildandi skólareglur í samvinnu við skólasamfélagið og kannað hvort/hvaða úrbóta er þörf.	ágúst 2021	sept 2021	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt verður mat á hvernig til hefur tekist, í samvinnu við skólaráð, í lok skólaárs 2021-2022.
Birta á heimasíðu upplýsingar um nemendaráð beggja starfsstöðva, fulltrúa nemenda og hlutverk þeirra.	Nemendaráð beggja skóla verða birt á heimasíðu skólans á komandi skólaári og gerð grein fyrir hlutverki þeirra.	sept 2021	sept 2021	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt verður mat á hvernig til hefur tekist í lok skólaárs 2021-2022.
Móta og skrá verklag fyrir nemendur sem sitja í nefndum	Gerð verður verklagsáætlun varðandi það hvernig nemendur geta best kynnt	apríl 2021	sept 2021	Skólastjórnendur og forstöðumaður	Júní 2022. Lagt verður mat á

og ráðum á vegum skólans til að kynna ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans.	ákvarðanir og verkefni fyrir öðrum nemendum skólans. Þessi verklagsáætlun verður unnin í samvinnu við forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar Selsins sem hefur umsjón með starfi nemendaráðs.			félagsmiðstöðvarinnar Selsins.	hvernig til hefur tekist í lok skólaárs 2021-2022.
Gera þarf nemendum grein fyrir niðurstöðum kannana sem þeir taka þátt í um skólastarf og til hvers þær leiða.	Niðurstöður kannana sem lagðar eru fyrir nemendur verða gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans auk þess sem umsjónarkennarar fá niðurstöður í hendur og verða beðnir um að kynna niðurstöður fyrir umsjónarbekkjum sínum og gera nemendum ljóst að hvaða leyti tekið er tillit til niðurstaðna.	mars 2021	sept 2021	Skólastjórnendur.	Endurskoðað hvert ár.

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
Vinna markvisst samkvæmt áherslupáttum sem koma fram í greinargerð Ernu I. Pálsdóttur varðandi námsmat.	Unnið hefur verið markvisst út frá greinargerð Ernu I. Pálsdóttur og í samvinnu við Ernu Ingibjörgu og verður þeirri vinnu haldið áfram	janúar 2020	júní 2021	Skólastjórnendur og kennarar	Yfirlit og endurskoðað í ágúst og janúar ár hvert
Gera grunnþætti menntunar sýnilega í kennsluáætlunum og í daglegu starfi.	Tiltaka í öllum kennsluáætlunum hvernig grunnþættirnir fléttast inn í skólastarf. Kynna grunnþættina betur fyrir öllum í skólasamfélaginu	júní 2021	september 2021	Skólastjórnendur (í samvinnu við kennara)	
Gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttað í kennsluáætlunum.	Kennarar setja inn í kennsluáætlanir lýsingu á því hvernig þörfum seinfærra og bráðgerra nemenda er háttað í viðkomandi námsgrein. Þeir nemendur sem ekki fylgja kennsluáætlunum árgangsins eru með einstaklingsáætlanir sem unnar eru í samvinnu við foreldra.	ágúst 2021	júní 2022	Kennarar Deildarstjóri sérkennslu Aðstoðarskólastjórar	Yfirlit og endurskoðað í ágúst og janúar ár hvert
Endurskoða og samræma kennsluáætlanir með tilliti til hæfniviðmiða og kennsluhátta.	Kennsluáætlanir gerðar í Mentor og öllum gert að notast við sama grunnskjalið svo samræmis sé gætt. Augljós tenging verði í kennsluáætluninni milli verkefna, hæfniviðmiða og kennsluhátta.	ágúst 2021	júní 2022	Aðstoðarskólastjórar Kennarar	Yfirlit og endurskoðað í ágúst og janúar ár hvert
Auka samvinnu kennara milli starfsstöðva, þvert á árganga og milli námsgreina.	Gerð verður áætlun um samvinnu kennara í báðum húsum þvert á árganga og námsgreinar á næsta skólaári m.a. starfsdögum	ágúst 2021	júní 2022	Skólastjórnendur	Metið í júní 2022 í samvinnu við kennara

Gera nemendum ljós markmið þeirra í námi og markmið kennslustunda og verkefna.	Hafa sýnileg uppi á námsvegg vikuleg markmið og/eða hæfniviðmið hverrar námslotu - aldursmiðað og nemendur þjálfaðir frá upphafi að nýta sér þessar upplýsingar. Náms veggur verði í öllum stofum.	ágúst 2021	júní 2022	Skólastjórnendur og kennarar	Metið í júní 2022 í samvinnu við kennara og nemendur
Auka fjölbreytni í námi og leggja áherslu á leiðir sem vekja áhuga nemenda og virkja þá til þátttöku.	Sambætta frekar námsgreinar. Vera með verkefni sem ýta undir fjölbreytt vinnubrögð og þjálfar nemendur í ólíkum nálgunum á viðfangsefnum. Hvetja til heildstæðra verkefna sem ganga þvert á námsgreinar. Fá fræðslu um slík verkefni inn í skólann.	júní 2021	júní 2022	Skólastjórnendur og kennarar	Metið í júní 2022 í samvinnu við kennara og nemendur
Efla kennsluhætti þar sem reynir á rökhugsun, gagnrýna hugsun, samstarf og skoðanaskipti nemenda.	Sambætta frekar námsgreinar. Vera með verkefni sem ýta undir fjölbreytt vinnubrögð og þjálfar nemendur í ólíkum nálgunum á viðfangsefnum. Fá fræðslu inn í skólann. Til að ýta þessum vinnubrögðum af stað verða skipulagðir sérstakir tímar í stundatöflu nemenda þar sem nemendur velja sjálfvalin verkefni þar sem sambætting námsgreina verður höfð að leiðarljósi.	júní 2021	júní 2022	Skólastjórnendur og kennarar	Metið í júní 2022 í samvinnu við kennara og nemendur
Skólinn þarf að fylgja eftir stefnu sinni og sveitarfélagsins um fjölbreytta kennsluhætti.	Sambætta frekar námsgreinar. Vera með verkefni sem ýta undir fjölbreytt vinnubrögð og þjálfar nemendur í ólíkum nálgunum á viðfangsefnum. Fá fræðslu inn í skólann. Til að ýta þessum vinnubrögðum af stað verða skipulagðir sérstakir tímar í	júní 2021	júní 2022	Skólastjórnendur og kennarar	Metið í júní 2022 í samvinnu við kennara og nemendur

	stundatöflu nemenda þar sem nemendur velja sjálfvalin verkefni þar sem samþætting námsgreina verður höfð að leiðarljósi.				
Huga að því að nemendur sem stunda nám í Tónlistarskólanum missi ekki af kennslustundum í sömu námsgrein.	Útbúa eyðublað þar sem foreldrum er gert ljóst að nemendur séu að missa af kennslustundum fari þeir í tónlistarnám á skólatíma. Farið verður fram á undirritað samþykki foreldra. Áfram verður leitast við að tryggja að þeir nemendur sem fari úr kennslustund í Tónlistarskólann nái á einhvern hátt að vinna upp það sem þeir missa af. Gera nemendur ábyrgari.	ágúst 2021	sept. 2021	Skólastjórnendur	Metið í júní 2022 í samvinnu við kennara og nemendur
Gæta þess að kennslustundafjöldi í námsgreinum uppfylli viðmiðunarstundaskrá.	Leitast verður við að kennslustundafjöldi verði í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.	apríl 2021	ágúst. 2021	Skólastjórnendur	Metið í júní 2022 í samvinnu við kennara og nemendur
Koma enn betur til móts við námsþarfir allra nemenda, þar með talið bráðgerra nemenda.	Samþætta frekar námsgreinar. Vera með verkefni sem ýta undir fjölbreytt vinnubrögð og þjálfa nemendur í ólíkum nálgunum á viðfangsefnum. Leiðir að úrbótum verða tíundaðar í kennsluáætlunum næsta skólaárs.	júní 2021	ágúst 2021	Skólastjórnendur og kennarar	Metið í júní 2022 í samvinnu við kennara, nemendur og foreldra
Huga þarf að tækifærum og leiðum til að nýta upplýsingatækni í námi nemenda á markvissan hátt.	Ráða kennsluráðgjafa í upplýsingatækni, auka tölvukost skólans og bæta netsamband.	janúar 2021	júní 2022	Skólastjórnendur og bæjaryfirvöld	Metið í júní 2022 í samvinnu við kennara og, nemendur
Gæta þess að tímafjöldi hjá nemendum í 8.-10. bekk í list-	Leitast verður við að kennslustundafjöldi verði í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.	júní 2021	ágúst 2021	Skólastjórnendur	Metið í júní 2022 í samvinnu við

og verkgreinum og vali fylgi viðmiðum aðalnámskrár.					kennara og, nemendur
Þjálfar nemendur í að setja sér markmið í námi og að taka þátt í að meta eigin framfarir.	Halda áfram að vinna með þetta í nemenda- og foreldrasamtölum að hausti, í nóvember og í febrúar. Kennarar fá vörður, frá stjórnendum, um að fara yfir markmið nemenda a.m.k. tvisvar sinnum á önn. Í febrúar voru tekin upp, að hluta til, nemendastýrð foreldraviðtöl þar sem nemendur kynntu fyrir foreldrum sínum verkefni sem þeir voru stoltir af. Þetta gekk mjög vel og verðu þróað áfram.	ágúst 2021	júní 2022	Skólastjórnendur og kennarar	Metið í júní 2022 í samvinnu við kennara og, nemendur
Gera formlega áætlun um hvernig bregðast skuli við niðurstöðum prófa og skimana og setja fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	Halda áfram að funda með kennurum og sérkennurum um niðurstöður prófa og skimana, skoða stöðu einstakra nemenda og gera áætlun um hvernig nemendum verð best mætt í námi. Setja fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	janúar 2021	júní 2022	Kennarar Deildarstjóri sérkennslu Aðstoðarskólastjórar	Fyrirkomulag metið og endurskoðað fyrir hvert skólaár.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
Nýta markvisst niðurstöður mats og mælinga til umbóta með markmiðum, viðmiðum um árangur.	Sett verður upp markvissari og aðgengilegri umbótaáætlun út frá niðurstöðum sjálfsmatsáætlunar sem liggur fyrir á hverju vori. Þar munu koma fram markmið og viðmið um árangur. Kynna fyrir öllum sem að koma	júní 2021	sept. 2021	Skólastjórnendur	September 2021. Umbótaáætlunin verður lögð fyrir eftirlitsaðila skólans.
Upplýsa alla hagsmunaaðila um niðurstöður og umbætur innra mats.	Birta niðurstöður innra mats og umbótaáætlun á heimasíðu skólans, kynna hana skólanefnd og skólaráði eins og gert hefur verið á undanförunum árum.	júní 2021	sept. 2021	Skólastjórnendur	September 2021. Umbótaáætlunin verður lögð fyrir eftirlitsaðila skólans.
Skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.	Matsteymi verður skipað innan skólans og lagt upp með að matsteymið fundi með skólaráði a.m.k. tvisvar á ári og tryggja þannig að allir hagsmunaaðilar skólans fái tækifæri til að taka virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.	ágúst 2021	júní 2022	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt fyrir matsteymi og skólaráð til umsagnar.
Tryggja aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.	Matsteymi verður skipað innan skólans og lagt upp með að matsteymið fundi með skólaráði a.m.k. tvisvar á ári og tryggja þannig að allir hagsmunaaðilar skólans fái tækifæri til að taka virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.	ágúst 2021	júní 2022	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt fyrir matsteymi og skólaráð til umsagnar.

Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.	Fara yfir þær aðferðir sem notaðar eru við innra mat og reynslu af þeim. Breyta þeim ef þær henta ekki	september 2021	september 2021	Skólastjórnendur	Júní 2022. Lagt fyrir matsteymi og skólaráð til umsagnar.
Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.	Sett verður upp markvissari og aðgengilegri umbótaáætlun út frá niðurstöðum sjálfsmatsáætlunar sem liggur fyrir á hverju vori. Þar munu koma fram markmið og viðmið um árangur. Kynna fyrir öllum sem að koma	júní 2021	sept. 2021	Skólastjórnendur	September 2021. Umbótaáætlunin verður lögð fyrir eftirlitsaðila skólans.
Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.	Gerð verður greinargerð sem byggir á markvissri og aðgengilegri umbótaáætlun þar sem lagt verður mat á framgang umbóta.	júní 2021	sept. 2021	Skólastjórnendur	September 2021. Umbótaáætlunin verður lögð fyrir eftirlitsaðila skólans.